

22. febrúar, 2024

Umsögn um Þingskjal nr. 87/2023-2024. Tillaga til þingsályktunar um breytingar á Aðalnámskrá grunnskóla

Sendandi umsagnar: Rannsóknastofa um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna, við Háskóla Íslands Rannsóknastofan samanstendur af fræðimönnum á Menntavísindasviði, á Námsbraut í talmeinafræði og Sálfræðideild Háskóla Íslands.

Fræðasvið rannsóknastofunnar spanna rannsóknir á breiðu sviði þroska og menntunar, þ.m.t. málþroska, læsi, fjöltyngi, félags- og tilfinningaþroska, hegðunar- og námserfiðleika, skólasálfræði og próffræði.

Undirrituð taka undir áhyggjur af hrakandi lesskilningi nemenda í íslenskum grunnskólum, sem hefur komið fram í PISA-könnunum. Ástæður þess eru margvíslegar og flóknar og tengjast ýmsum þáttum samfélagsins. Þegar nemendur taka PISA prófin hafa þau lífað í 14-15 ár og frammistaða þeirra mótast af því hversu rikulegt málumhverfi þeirra og málnotkun hefur verið frá fæðingu, bæði heima og í leik- og grunnskólum.

Í lesskilningshluta PISA prófsins eru margvísleg verkefni sem reyna á hæfni nemenda til að „skilja, nýta sér, ígrunda og ástunda lestur á texta í þeim tilgangi að ná markmiðum sínum, þroska þekkingu sína og hæfileika, og að taka þátt í samfélaginu“ (OECD, 2019). Nemendur lesa texta af ýmsum vefsíðum, af ólíkum uppruna og eftir mismunandi höfunda, greina upplýsingar, meta gæði texta og trúverðugleika, takast á við ólík sjónarmið og draga ályktanir. Þess konar lesskilningur kallast djúpur lesskilningur (Sigríður Ólafsdóttir, 2023; Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson, 2017, 2019).

Djúpur lesskilningur hvílir á öllum þeim stöðum sem hafa byggst upp í lífi hvers nemanda, lífsreynslu, þekkingu, orðaforða, hljóðkerfisvitund, hlustunarskilningi, lesfimi, málskilningi, tjáningarfærni, ásamt gagnrýninni hugsun. Nemendur þurfa að öðlast viðtæka þjálfun og reynslu af lestri og einnig iðka lestur af eigin hvötum.

Verkefnið Kveikjum neistann beinist að yngstu börnum grunnskólans og þá fyrst og fremst færni þeirra í að lesa úr táknum ritmálsins með hljóðum tungumálsins. Þarna er um að ræða færni í umskráningu, þessa tæknilegu lestrarfærni sem þarf að hafa nást þegar börn eru í kringum níu ára aldur. Þó hér sé um afmarkaðan þátt lestrarfærni að ræða er hann þó algjör forsenda þess að lesandinn hafi möguleika á að nálgast innihald lestexta.

Rannsóknastofan leggst eindregið gegn samþykkt þingsályktunartillögu um breytingu á aðalnámskrá af eftirtöldum ástæðum:

1. Ekki hefur verið sýnt fram á árangur verkefnisins Kveikjum neistann með raunprófuðum aðferðum og því ómögulegt að segja til um hver árangur þess er. Til þess að geta sagt til um árangur kennsluáðferðar er nauðsynlegt að fylgja ákveðnum grunnviðmiðum um vísindaleg vinnubrögð. Fyrsta og mikilvægasta viðmiðið er að bera saman færni þátttakenda við færni annars hóps barna sem ekki er kennt eftir nýju aðferðinni, bæði fyrir og eftir rannsóknartímabilið. Án slíks samanburðar er ómögulegt að segja til um hvort framfarir séu tilkomnar vegna nýju aðferðarinnar, eða einhvers annars. Til dæmis gætu þær hafa átt sér stað hvort sem er.

Einnig má benda á að rannsóknaráætlun fyrir verkefnið Kveikjum neistann hefur ekki farið í gegnum umsóknarferli fyrir styrkveitingu úr samkeppnissjóðum. Því hefur verkefnið ekki verið metið á fræðilegum forsendum í samræmi við kröfur sem gerðar eru til menntarannsókna. Því má

vera ljóst að sú tillaga að „fela mennta- og barnamálaráðherra að innleiða hugmyndafræði verkefnisins Kveikjum neistann“ í alla skóla á landinu er vægast sagt óábyrg.

2. Að hætta notkun lesfimiþrófa eins og lagt er til í lið b) er í andstöðu við niðurstöður fjölda rannsókna sem sýnt hafa fram á mikilvægi lesfimi fyrir lesskilning og ánægju af lestri.

Prófin sem um ræðir eru lesfimiþróf en ekki leshraðapróf. Lesfimi vísar til þess hversu sjálfvirkur lesturinn er; að lesandinn geti lesið texta rétt og fyrirhafnarlaust, án þess að þurfa að einbeita sér mikið að umskráningunni. Lesturinn er ekki lengur drifinn áfram af bókstöfum og hljóðum heldur af innihaldi lesefnisins. Að ná sjálfvirkni í lestri er mikilvægt því við það myndast svigrúm til þess að beina athyglinni að efni textans og öllum þeim flóknu orðum og upplýsingum sem gjarnan einkenna námsefnið, ekki síst þegar líða tekur á skólagönguna.

Fjöldi rannsókna hefur leitt í ljós mikilvægi góðrar lesfimi fyrir lesskilning. Til að mynda sýndi rannsókn á meðal íslenskra nemenda að lesfimi, ásamt orðaforða, veitti sterka forspá um hvort 15 ára nemendur lentu yfir eða undir lægsta hæfniprepi í lesskilningi á PISA-prófi. Forspárgildið kom fram jafnvel eftir að tekið hafði verið tillit til þekktra áhrifabreyta eins og ánægju af lestri, lestrartíðni og námsaðferða í lesskilningi (Freyja Birgisdóttir, 2016). Einnig sýnir nýleg rannsókn að gengi nemenda í 5. og 8. bekk á lesfimiþrófum Menntamálastofnunar spáir fyrir um með mikilli vissu hvort börn muni eiga erfitt með lesskilning síðar (Auðun Valborgarson og Freyja Birgisdóttir, 2022). Lesfimiþróf eru því öflug tæki til þess að skima fyrir síðari áhættu á slöku gengi í lesskilningi.

Slök lesfimi, sem lýsir sér í ónákvæmum, hægum/hikandi lestri, er eitt skýrasta einkenni lesblindu. Lesfimiþróf eru því nauðsynleg til þess að koma auga á börn sem sýna frávik í þróun lestrarfærinnar og gefa kennurum möguleika á að grípa þau strax með viðeigandi kennsluáðferðum og stuðningi.

Að hætta notkun staðlaðra lesfimiþrófa og innleiða óstaðlað og lítt þekkt stöðumat í lestri, eins og lagt er til í lið b) sýnir skort á þekkingu á málefninu. Þó lesfimi sé mikilvæg forsenda lesskilnings er hún ekki nægjanleg forsenda. Með aukinni lestrarreynslu verður umskráning sjálfvirkari og hættir að hamla lesskilningi. Við það fer önnur og breiðari færni að hafa meiri áhrif á lesskilning, eins og til dæmis orðaforði, ályktunarhæfni, og skilvirkar lesskilningsaðferðir. Þetta samband aukinnar sjálfvirkni í umskráningu og þróun lesskilnings hefur verið staðfest í fjölda rannsókna (sjá yfirlit í Bergen og fl., 2021; og Florit & Cain, 2011).

Saman gefur staða nemenda á lesfimi- og lesskilningsprófum okkur til kynna hvernig best er að veita börnum markvissan stuðning til að þau öðlist í sívaxandi mæli hæfni til að ástunda lestur, skilja, nota, meta og ígrunda það sem þau lesa. Lesfimiþróf mæla sjálfvirkni í tæknilegri færni, en lesskilningspróf fanga aðra þætti með stigvaxandi hætti.

Að lokum má benda á að lesskilningur íslenskra nemenda hefur verið metinn í samræmdum prófum í 4., 7. og 9/10 bekk um árabíl. Ný Miðstöð menntunar og skólaþjónustu mun hafa það hlutverk að þróa vönduð og stöðluð próf sem munu veita kennurum upplýsingar um stöðu nemenda í undirþáttum læsis með það að markmiði að finna nemendur sem eiga í vanda og á hvaða sviði nákvæmlega sá vandi liggur. Á þann hátt er hægt að mæta nemendum með markvissum og árangursríkum stuðningi.

3. Tekið er undir mikilvægi bókstafa-hljóðaaðferðar við lestrarkennslu á yngstu stigum grunnskólans, sbr. lið a). Um er að ræða sannreynda kennsluáðferð sem nýtist við lestur og ritun á öllum tungumálum sem byggja ritmál sitt á stafrófsskrift. Þetta á ekki einungis við um byjendur í

lestri heldur er færni í umskráningu bókstafa með nákvæmri hljóðaaðferð gagnleg við lestur og ritun nýrra, flókinna orða sem lesandinn hefur ekki áður séð á prenti, sama hversu gamall hann er.

Jafnhliða er nauðsynlegt að kenna yngstu börnunum lesskilning gegnum hlustunarskilning, með því að lesa fyrir þau innihaldsríka texta þar til færni í umskráningu og lesfimi gefur þeim möguleika á að lesa sjálf og skilja krefjandi texta. Kennsla í lesskilningi byggir á því að nemendur lesi fjölbreytta texta með málefandi verkefnum sem efla orðaforða, umræðu- og ritunarfærni, ásamt þjálfun í að ná skilningi á ýmsum tegundum texta og beita til þess margs konar lesskilningsaðferðum.

4. Í þingsályktunartillögu stendur: „Markmið verkefnisins er að 80-90% barna séu fulllæs eftir 2. bekk.“ Mjög óljóst er hvað felst í hugtakinu „fulllæs“. Læsisfærni, sem felur í sér lesskilning og ritunarfærni, þróast samhliða framvindu í námi út skólagönguna og síðan með fjölbreyttum viðfangsefnum og símenntun út ævina. „Fulllæsi“ er því varla raunhæft markmið fyrir börn í 2. bekk.

Niðurstöður PISA 2022 eru sláandi og því þarf að grípa til róttækra aðgerða. Þær aðgerðir þarf að vinna og þróa í samstarfi stjórnvalda, sérfræðinga á sviði málþroska og læsis, skólayfirvalda og kennara. Beina þarf sjónum að því hvernig lestur er kenndur og hvaða árangur er af kennslunni, í hvaða mæli og hvernig nemendur þjálfast lestur og ekki síst hvernig unnið er með lesinn texta af ýmsu tagi, sem eflir djúpan lesskilning með stigvaxandi hætti.

Fyrir hönd Rannsóknastofu um þroska, læsi og líðan barna og ungmenna við Háskóla Íslands.

Freyja Birgisdóttir, dósent við Sálfræðideild
Sigríður Ólafsdóttir, dósent við Menntavísindasvið
Steinunn Torfadóttir, lektor við Menntavísindasvið
Auður Björgvinsdóttir, læsisfræðingur og doktorsnemi við Menntavísindasvið
Anna-Lind Pétursdóttir, prófessor við Menntavísindasvið
Jóhanna Thelma Einarsdóttir, prófessor við Læknadeild og Menntavísindasvið
Helga Sigurmundsdóttir, aðjunkt við Menntavísindasvið
Kristján Ketill Stefánsson, lektor við Menntavísindasvið
Guðrún Björg Ragnarsdóttir, nýdoktor og aðjunkt við Menntavísindasvið

Heimildir

Auðun Valborgarson og Freyja Birgisdóttir (2022). Hvernig breytast tengsl lesfimi og lesskilningsyfir skólagöngu nemenda? Erindi flutt á Menntakviku, október 2022.

Bergen, E. van, Vasalampi, K., og Torppa, M. (2021). How Are Practice and Performance Related? Development of Reading From Age 5 to 15. *ReadingResearch Quarterly*, 56(3), 415-434.
<https://doi.org/10.1002/rrq.309>

Freyja Birgisdóttir (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. https://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf

Florit, E., & Cain, K. (2011). The Simple View of Reading: Is It Valid for Different Types of Alphabetic Orthographies? *Educational Psychology Review*, 23(4), 553-576. <https://doi.org/10.1007/s10648-011-9175-6>

Hoover, W. A., & Gough, P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing*, 2(2), 127-160. <https://doi.org/10.1007/BF00401799>

OECD. (2019). *PISA 2018: Assessment and analytical framework*. <https://doi.org/10.1787/b25efab8-en>

Sigríður Ólafsdóttir. (2023). Af hverju er djúpur lesskilningur mikilvægur? Í Guðmundur Bjarki Þorgrímsson

(ritstjóri) *PISA 2022: Helstu niðurstöður*, (bls. 77–93). Menntamálastofnun.

https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2022_helsta_island.pdf

Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2017). Hnignandi frammistaða íslenskra nemenda í lesskilningshluta PISA frá 2000 til 2015: Leiðir til að snúa þróuninni við. *Netla - Væftímarit um uppeldi og menntun*. <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/16.pdf>

Sigríður Ólafsdóttir og Baldur Sigurðsson. (2019). Lesskilningur: Skýringar á lesskilningi íslenskra nemenda í PISA 2018. Í Arnór Guðmundsson og Guðmundur Bjarki Þorgrímsson (ritstjórar), *PISA 2018: Helstu niðurstöður á Íslandi* (bls. 38-61). https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2019_0.pdf